

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um Suðurlandsveg.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hyggst ráðherra leggja til að Suðurlandsvegur frá Reykjavík til Selfoss verði tvöfaldaður á næstu fjórum árum, sbr. yfirlýsingu hans um málið?
2. Ef svo er, verður útboð á hönnun þriggreiningar vegarins afturkallað?
3. Hyggist ráðherra tvöfalda veginn, hvort verður það gert með því að:
 - a. bæta fjórðu akreininni við þriggreiningu og skilja með vegriði á milli akgreina, eða
 - b. aðskilja akreinar með bili/eyju?
4. Hvenær áætlar ráðherra að tvöföldun Suðurlandsvegar frá Reykjavík til Selfoss verði að fullu lokið?